


Starfsáætlun Kirkjubóls skólaárið 2018 – 2019

Áherslur í starfinu

Áherslur leikskólans eru lífsleikni, sköpun og umhverfi, þær eru rauður þráður í starfinu okkar í vetur ásamt því að einkunnarorð leikskólans, virðing, vinátta og væntumþykja koma sterkt inn í okkar starf.



Fjölgreindir

Sjálfsþekkingar- og samskiptagreind á haustmánuðum og fram á vetur.

Markmið: er að efla samkennd og lýðræðisleg vinnubrögð hjá börnunum, ásamt því að efla sjálfsvitund, sköpun, tjáningu og umburðarlyndi.

Tónlistargreindin tekur við fram yfir áramót.

Markmið: að kynna fjölbreyttum hljóðfærum /hljóðgjöfum og efla hlustun og hugtakaskilning.

Rök- rýmis- og stærðfræðigreind tekur svo við á nýju ári fram á vormánuði.

Markmið: að efla skilning á stærðfræðihugtökum, talnaskilning ásamt því að læra að þekkja form og líti. Einnig er unnið með að efla skynjun á rými, speglun, mynstri, rökhugsun, flokkun, mælingu og hvetja til athugana og rannsókna.

Umhverfis- og hreyfigreind verða aðal áherslurnar í apríl og maí.

Markmið: að efla áhuga og skilning á náttúru og dýralífi, ásamt því að efla ábyrgðarkennd gagnvart náttúrunni og vinna með endurvinnslu og flokkun á sorpi. Fara í vettvangsferðir og njóta náttúrunnar þegar við eflum þol, þrek og úthald.

Leikurinn

Frjálsi leikurinn skipar stóran þátt í starfinu okkar og þar læra börnin það sem enginn getur kennt þeim. Lagt er upp með að skapa fjölbreytt leikumhverfi með ýmsum kveikjum og efnivið. Frjálsi leikurinn er bæði inni og úti alla daga.

Vinur okkar Lubbi

Lubbi var þróunarverkefni hjá okkur síðastliðinn vetur í markvissri málörvun. Verkefnið byggir á efninu Lubbi finnur málbein og vegna mikilla ánægju með það ætlum við að dýpka efnið enn frekar á eldri deildum í vetur. Lubba námsefnið leggur áherslu á, íslensku máhljóðin, tákni með þeim og á leiki sem eflir hljóðkerfisvitund. Táknrænu hreyfingarnar sem fylgja hverju máhljóði auðvelda vinnu með ungum börnum sem eiga oftast auðveldara að mynda hreyfitákn en orð. Verkefnið eykur samfellu í markvissri málörvun á milli deilda, frá yngstu börnum til þeirra elstu með aukinni áherslu á máhljóðin, tákni og bókstafi.

Vinátta í leikskólanum

Verkefnið er vináttuverkefni Barnaheilla og er forvarnarverkefni gegn einelti. Öll börn fá bangsann Blæ sem á heima í leikskólanum og hjálpar okkur þegar okkur líður illa. Bangsinn er einnig partur af vináttustundum sem verða í skipulögðum stundum í vetur. Þar er unnið með umburðalyndi, umhyggju, hugrekki og virðingu.

Numicon

Numicon eru stærðfræðikubbar fyrir börn sem unnið er með á öllum deildum. Kubbarnir auðvelda nemendum námið þar sem þau læra um tölur, form, speglun, mynstur og stærðir í leik með áþreifanlegum viðfangsefnum og með sjónrænum hætti. Numicon kubbarnir eru notaðir í frjálsum leik og í elstu barnanna verkefnum.

Ferilmöppur barnanna

Öll börn í leikskólanum eiga sína möppu þar sem fara í tvö til fjögur listaverk sem barnið gerir á hverju skólaári ásamt skráningum sem hjálpar kennurum að finna styrkleika hvers barns fyrir sig. Ferilmöppurnar tengjast einnig verkefninu, Barnið í brennidepli.

Focus child – Barnið í brennidepli

Við ætlum að þróa áfram vinnu sem við vorum í síðustu ár í tengslum við Erasmus+ verkefnið okkar. Það snýr að því að setja tvö börn í hverri viku í þau verkefni sem börnin taka að sér á elstu deildinni. Eftir vikuna fara þau á fund til leikskólastjóra þar sem farið er yfir hvernig gekk og niðurstöður skráðar.

Hreyfing í leikskólanum

Öll börn fara í markvissar hreyfistundir einu sinni í viku. Elstu börnin fara í fimleikasalinn í Ásgarði og önnur börn fara í sal leikskólans í hreyfistund. Í þessum stundum er m.a. lögð áhersla á samhæfingu, fín- og grófhreyfingar, kjarkæfingar, slökun og að upplifa jákvæða reynslu af hreyfingu. Börnin fara einnig í gönguferð einu sinni í viku þar sem vegalengdin ræðst af aldri barnanna.

Starf elstu barna

Unnið er í vinnustundum einu sinni í viku þar sem lögð er áhersla á sjálfþekkingu, stærðfræði, almenna hlustun, einbeitingu, eftirtekt, frumkvæði og tjáningu ásamt því að læra að fara eftir fyrirmælum, hlusta og taka tillit til annara í hópavinnu. Börnin fara einnig í ýmsar vettvangsferðir og fá til sín góða gesti í leikskólann.

Læsi

Einn af rauðum þráðum í starfinu okkar er læsi og er það unnið í gegnum sögur, sögugerð, söng, tjáningu, markvissa málörvun og hlustun. Lagt er upp með að hafa ritað mál sýnilegt á deildum og myndrænt dagsskipulag.

Matsþættir vetrarins

Starfrækt er matsteymi í leikskólanum sem tekur ákvörðun í samvinnu við starfsfólk á starfsmannafundi hvaða matsþættir eru teknir fyrir hvert ár. Matsþættir eru m.a. valdir út frá niðurstöðum í könnunum og endurmati. Á þessu skólaári verða tekin fyrir:

- Skipulagt starf og stundir
- Foreldrasamtöl
- Aðkoma foreldrar að viðburðum leikskólans
- Starfsánægja
- Kaffitímar starfsfólks
- Lubbastundir barnanna.

Foreldrasamstarf

Áhersla verður lögð á góð og dagleg samskipti við foreldra og stuðlað að gagnkvæmum upplýsingum um börnin og starfið. Upplýsingar til foreldra fara einnig í gegnum Karellen, tölvupósta, á heimsíðu og á upplýsingatöflu á hverri deild, ásamt því er boðið upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra er haldinn á haustmánuðum, einnig er haldinn foreldrafundur í september fyrir alla foreldra í leikskólanum þar sem námsefni vetrarins er kynnt og aðalfundur foreldrafélagsins er þar samhliða.

Börnin bjóða foreldrum sínum í heimsókn í leikskólann í nokkur skipti yfir skólaárið. Foreldrakaffi í byrjun aðventu, þar sem söngstund er í salnum og kveikt er á fyrsta kertinu á aðventukransinum. Feður koma í heimsókn á Bóndadag og mæður í kringum Konudaginn. Á vormánuðum er foreldrum elstu barnanna boðið að vera við útskrift þeirra og í framhaldi er haldin sumarhátíð leikskólans og foreldrafélagsins. Á afmælisdegi leikskólans, 1. nóvember er ömmum og öfum boðið í kaffi til okkar og á vormánuðum er opið hús hjá okkur þar sem verk barnanna eru sýnd.

Foreldrafélagið býður upp á ýmsa viðburði til viðbótar eins og sveitaferð, jólasýningu í sal leikskólans, tónlistarnámskeið ásamt því að greiða fyrir útskriftaferð elstu barnanna.

Leikskólastjóri er tengiliður leikskólans við foreldrafélagið, mætir á fundi og er þeim innan handar í málefnum er varðar leikskólann.

Nýbreytni í starfinu

Leikskólinn sótti um fyrir þrjú verkefni í Þróunarsjóð í ár og fengum við úthlutað í tvö, ásamt því að fá styrk fyrir sameiginlegt heilsuverkefni með Bæjarbóli.

1. Babblarnir, er málörvunarverkefni sem sérkennslustjóri er verkefnastjóri yfir og sér um að innleiða hér í leikskólann ásamt sérkennara.
2. Sögupokar er seinna verkefnið sem við fengum styrk fyrir og verða gerðir sögupokar til að gera sögustundirnar áhugaverðari og auðveldari fyrir starfsfólkið. Sérkennslustjóri er einnig verkefnastjóri yfir því ásamt deildarstjóra.
3. Sameiginlegt verkefni með Bæjarbóli er verkefni sem snýr að starfsfólki leikskólanna og lítur að hreyfingu og breytingu á kaffitímum. Nú tekur starfsfólk eitt kaffihlé á milli tólf og tvö og einn dag í viku fær það klukkustund fyrir hreyfingu.
4. Framkvæmdir við lóð – nýtt afgirt útisvæði fyrir yngstu börnin sem var tekið í notkun í september.

Auk þróunarverkefna er verið að þróa m.a. aðlögun á milli deilda, þar sem börnin fara saman yfir á nýja deild. Verkefnið hefur gengið vel og er vilji fyrir því að byrja fyrr að flytja börn á milli deilda næsta vor.

Starfsþróun

Starfsfólk velur sér námskeið eftir áhuga sem Fræðslusvið Kragans býður upp á og er í boði allt skólaárið. Allt starfsfólk fær upprifjunarnámskeið í, Lubbi finnur málbein á starfsdegi í október. Birte Harksen verður með tónlistarnámskeið í tengslum við vináttustundirnar á starfsmannafundi í nóvember. Hluti

starfsfólks tekur þátt í öðrum námskeiðum eins og vináttunámskeiði hjá Barnaheill, Tras, Teach, Börn með sérþarfir og allt starfsfólk fær einnig kynningu á starfsmannafundi frá Greiningastöðinni um einhverfu og börn með sérþarfir. Í kjölfar nýrra persónuverndarlaga fer allt starfsfólk á persónuverndarnámskeið hjá Garðabæ. Öryggis- og öryggistrúnaðarvörður fara á námskeið hjá Vinnueftirliti Ríkisins og trúnaðarmenn fara á trúnaðarmannanámskeið hjá sínu félagi.

Stefna í starfsmannahaldi þetta árið er að halda í okkar frábæra starfsmannahóp og auka starfsánægju þeirra með fagmennsku og gleði að leiðarljósi.

Október 2018
Ásta Kristín Valgarðsdóttir
Anna Kristín Sveinsdóttir